



Fasteignagjöld árið 2025

Gjalddagar eru ellefu á árinu: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember.

Ef ekki er greitt fyrir eindaga, sem er í lok mánaðar, reiknast dráttarvextir.

Gjöld eru lögð á fasteignir og lóðir samkvæmt eftirfarandi álagningarreglum og stuðlum:

Gjald	Íbúðir	Aðrar eignir
Fasteignaskattur	0,55%	1,32% / 1,65%
Lóðarleiga	1,00%	3,75%
Vatnsgjald	0,23%	0,50%
Fráveitugjald	0,23%	0,50%

Fasteignaskattur, vatnsgjald og fráveitugjald eru reiknuð út frá fasteignamati húss og fasteignamati lóðar.

Lóðarleiga er reiknuð út frá fasteignamati lóðar

Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Gjaldið er kr. 23.464 fyrir íbúðarhúsnæði, fyrirtæki og stofnanir og kr. 42.320 fyrir sumarhús.

Breytilegt gjald á fyrirtæki sem ekki eru með samning við þjónustuaðila fyrir lítil fyrirtæki er kr. 180.000, meðalstór fyrirtæki kr. 360.000, stærri fyrirtæki kr. 540.000 og stór fyrirtæki kr. 1.440.000

Blandaður heimilisúrgangur, 120l tunna er kr. 44.060, 240l tunna er kr. 583747, 360l tunna er kr. 88.120 og 660l tunna er kr. 161.555.

Endurvinnsla, 240l tunna er kr. 29.372 og 240l viðbótartunna er kr. 23.498.

Lífrænn úrgangur, 120l tunna er kr. 29.372

Greiðsluseðlar eru ekki sendir með bréfpósti en birtast í heimabanka.

Elli- og örorkulífeyrisþegum undir tekjuviðmiðum er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi vegna íbúða þeirra til eigin nota. Afslátturinn er að hámarki **kr. 139.400**

Kærufrestur er til 15. mars 2025.

Fyrir frekari upplýsingar vinsamlegast hafið samband við Ráðhús Vesturbyggðar að Aðalstræti 75 á Patreksfirði í síma 450 2300 eða á netfangið innheimta@vesturbyggd.is



Reglur um afslátt af fasteignaskatti og styrki til greðslu fasteignaskatts 2025

I. kafli

Tekjutengdur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi hjá elli- og örorkulífeyrisþegum

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Vesturbyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Vesturbyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Vesturbyggð sem búa í eigin íbúð og eru:

- a) 67 ára á árinu eða eldri
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2025
- c) hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði

Afslátturinn nær aðeins til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannarlega býr í.

3. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi er tekjutengdur og miðast við árstekjur 2023, sbr. álagningu skattstjóra 2025 og tekur einungis til fasteignaskatts og fráveitugjalds.

Tekjuviðmiðun:

Einstaklingur			Hjón/Sambýlingar		
Tekjur	kr.	afsláttur	Tekjur	kr.	afsláttur
Allt að	5.290.168	100%	Allt að	7.346.341	100%
Allt að	6.672.928	70%	Allt að	9.342.627	70%

Hærri tekjur gefa engan afslátt.

Ellilífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna á árinu 2024 og breytast fasteignagjöld ársins 2025 til samræmis við reglur í lið 2.



4. gr.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árana 2023 og 2024 hefur bæjarráð heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignagjalda, berist umsókn um slíkt.

5. gr.

Hámarks afsláttur til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds er kr. 139.400 á árinu 2024.

II. kafli

Niðurfelling fasteignaskatts vegna fráfalls maka

6. gr.

Við fráfall maka ellilífeyrisþega skulu fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á og býr í falla niður að fullu fyrsta árið, þó að hámarki **kr. 139.400** á árinu 2025. Beiðni um niðurfellingu skal berast til Vesturbyggðar.

III. kafli

Styrkir til greiðslu fasteignaskatts félagasamtaka 2025

7. gr.

Heimilt er að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi æskulýðs-, menningar-, björgunar- eða íþróttastarfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

8. gr.

Rétt til styrks eiga félög, félagasamtök og áhugamannafélög sem ekki eru í atvinnustarfsemi og uppfylla eftirtalin skilyrði:

- eru fasteignaeigendur í Vesturbyggð
- reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili Vesturbyggð
- starfsemin skal vera æskulýðs-, menningar-, björgunar- og íþróttastarfsemi sem rekin er í almannaþágu
- starfsemin sé ekki rekin í ágóðaskyni

9. gr.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda eins og lóðaleigu, vatnsgjald og sorphirðu.



Ef hluti húsnæðis er leigt út eða notað til að afla tekna skal greiða fasteignagjöld af þeim hluta.

10. gr.

Styrkveiting skv. 8. gr. er háð því að félög, félagasamtök og áhugamannafélög skili ársreikningi vegna ársins 2024, upplýsingum um notkun og tekjur vegna leigu viðkomkandi fasteignar. Umsókn skal skila til Vesturbyggðar fyrir 1. júní 2025. Ákvörðun um veitingu styrks er tekin á grundvelli innsendra upplýsinga.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af bæjarstjórn Vesturbyggðar og voru staðfestar á 8. fundi bæjarstjórnar þann 22. janúar 2025. Á sama tíma falla úr gildi reglur á árinu 2024 um niðurfellingu fasteignagjalda ellilífeyrisþega og öryrkja og Fasteignagjöld árið 2024 – Styrkur vegna menningar-, björgunar-, eða íþróttastarfsemi frá 1. febrúar 2024.

Vesturbyggð, 31. janúar 2025

Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri



Fasteignagjöld árið 2023 Styrkur vegna menningar-, björgunar-, eða íþróttastarfsemi.

Skilyrði styrkveitingar er að húsnæðið sé nýtt til starfsemi félagasamtaka er sinna menningarmálum, íþróttamálum og til björgunarsveita. Styrkur er einungis veittur til greiðslu *fasteignaskatts og fráveitugjalds*, að hámarki til hvers félags **kr. 124.120**. Styrkveiting miðast við áhugamannafélög sem ekki eru í atvinnustarfsemi.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, sem eru lóðarleiga, vatnsgjald og sorpgjald.

Af þeim hluta húsnæðisins sem leigt er út eða notað til að afla tekna skal greiða fasteignagjöld. Styrkveiting er háð því að félög skili inn ársreikningi vegna ársins 2022, upplýsingum um notkun og tekjur vegna leigu viðkomandi fasteignar og skili inn umsókn fyrir 1. júní 2023.

Ákvörðun um styrk til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds verður tekin í ljósi innsendra upplýsinga.

Vesturbyggð 1. febrúar 2023.
Bæjarstjórinn